

## Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata

Lagt er til að laus rými í leikskólum borgarinnar verði kynnt og boðin foreldrum laus til umsóknar. Jafnframt verði innleiðingu áður samþykkrar ákvörðunar um 7% heildarlækkun á rekstrarleyfum leikskóla flýtt með þeim hætti að síðari áfangi breytingarinnar taki gildi 1. mars 2020 í stað 1. ágúst 2020.

### Greinargerð:

Í áfangaskýrslu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs, sem lögð var fyrir skóla- og frístundaráð 14. janúar 2020 er eftirfarandi tillaga sett fram:

Laus rými í leikskólum borgarinnar þar sem ekki er biðlisti verði boðin foreldrum laus til umsóknar á sama tíma og rekstrarleyfi leikskólanna verði færð niður í samræmi við fyrri ákvörðun þar um.

Á árinu 2018 lagði starfshópur um nýliðun og bætt starfsmunhverfi leikskólakennara í Reykjavík fram tillögu um að útgefinn rekstrarleyfi leikskóla frá árinu 2011 yrðu lækkuð sem nemur 7% í hverjum leikskóla.

Tillagan var samþykkt og skyldi koma til framkvæmda í tveimur áföngum þ.e. að rekstrarleyfi væru færð niður um 3% frá 1. ágúst 2018 og um 4% 1. ágúst 2020. Aðgerðin fól í sér fækkun leikskólarýma úr 5924 í 5509 eða fækkun um 415 pláss. Eftir samþykktina hefur verið bætt við leikskólarýmum við nokkra leikskóla og því verða heildarrými í leikskólum Reykjavíkur 5573 eftir 7% lækkunina.

Á síðustu misserum og árum hefur mörgum leikskólum ekki tekist að halda uppi fullri nýtingu skilgreindra rýma og í dag er heildarfjöldi barna í leikskólum 5312 börn, þar með talin börn sem hafa fengið dagsetningu um upphaf leikskóladvalar í nánustu framtíð. Ástæða þessara lausu plássu er fyrst og fremst að leikskólar hafa tæmt biðlista sína.

Ofangreind tillaga stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs felur í sér að athygli foreldra verði, með markvissum hætti, vakin á þeirri staðreynd að í nokkrum leikskólum víðs vegar um borgina eru laus leikskólarými sem foreldrum verði boðið að nýta sér hafi þeir ekki komist að í þeim leikskólum sem þeir sóttu um. Foreldrum verði þar með gefinn kostur á að skrá börn sín á biðlista þessara leikskóla sem munu svo bjóða rými eftir því sem tekst að ráða inn starfsfólk.

Laus pláss í leikskólum borgarinnar eftir lækkun viðmiða um heildarfjöldabarna í hverjum leikskóla eru u.þ.b. 210. Þeir leikskólar sem eru með flest laus rými þ.e. fimm eða fleiri og styttri biðlista en sem nemur lausum rýmum, dreifast á flesta borgarhluta sem hér segir:

- Holt, Jöklaborg og Suðurborg í Breiðholti
- Blásalir og Ártúnsskóli í Árbæ
- Berg, Funaborg og Sunnufold í Grafarvogi og á Kjalarnesi
- Sunnuás í Laugardal/Háleiti
- Hlíð, Klambrar og Miðborg í Miðborg og Hlíðahverfi

Í ljósi tillögunnar um betri nýtingu leikskólarýmanna þykir stýrihópnum rétt að flýta framkvæmd fækkunar um heildarfjölda barna í hverjum leikskóla til að ekki sé verið að auglýsa laus til umsóknar rými sem svo verða ekki til staðar á haustdögum.

Því er lagt til að stýring allra leikskóla verði færð niður sem nemur 7% lækkun frá 2011 frá og með 1. mars 2020. Þeir leikskólar sem eru með börn umfram þann fjölda, sem viðmiðin þá kveða á um, munu laga sig að fækkuninni samhliða því að börn hætta í leikskólanum.

Tillagan er því tvíþætt:

- a. að auglýsa laus leikskólarými í tilteknum leikskólum borgarinnar laus til umsóknar og vekja athygli foreldra, á þessum rýmum t.d. með birtingu fréttatilkynningar og upplýsingum á vef borgarinnar.
- b. að flýta innleiðingu síðari áfanga samþykktar borgarráðs um 7% lækkun rekstrarleyfa frá 2011 um heildarfjölda barna í hverjum leikskóla og þau færð niður 1. mars 2020 í stað 1. ágúst 2020, eins og samþykkt borgarráðs kvað á um.